

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12,
700 Egilsstaðir

Garðabær, 15. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0045
LA

Efni: Umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótshálsa og nýju deiliskipulagi fyrir Gilsárvirkjun

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgátt þann 24. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu um breytingar á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir vatnsaflsvirkjun í Gilsárdal í Múlaþingi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulags- og matslýsingu þar sem fram kemur hvernig vinnu verður háttáð við gerð umhverfismats. Eins og fram kemur í lýsingunni hafa virkjunaráform verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar um matsskyldu en álit liggur ekki fyrir. Náttúrufræðistofnun skilaði inn umsögn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu 3. nóvember s.l. með ábendingu um frekari athugun á áhrifum fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda á fuglalíf og lífríki Gilsár, að laxfiskum undanskildum sem eru vel rannsakaðir í ánni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,

Lovisa Ásbjörnsdóttir

Lovisa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

